



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

9. mars 2018
Tilvísun: 1705081

Fjárlaganefnd Alþingis
Kirkjustræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn um fjármögnun Vaðlaheiðarganga

Í kjölfar fundar fjárlaganefndar Alþingis hinn 18. maí 2017 voru framlagðar spurningar Björns Levís Gunnarssonar um lánveitingar Endurlána ríkissjóðs til Vaðlaheiðarganga sendar fundargestum til afgreiðslu. Gestir fundarins frá Ríkisábyrgðasjóði voru Björgvin Sighvatsson og Hafsteinn Hafsteinsson. Ríkisábyrgðasjóður svaraði spurningunum þann 23. maí 2017. Með nýju erindi frá fjárlaganefnd sem barst Ríkisábyrgðasjóði með tölvupósti þann 30. október 2017, var óskað eftir nánari svörum við spurningu 8 í upphaflegri fyrirspurn. Ríkisábyrgðasjóður svaraði þessu erindi þann 30. janúar síðastliðinn. Ítrekun frá fjárlaganefnd um nánari svör við spurningu 8 barst svo fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem áframsendi erindið til Ríkisábyrgðasjóðs þann 28. febrúar síðastliðinn. Ríkisábyrgðasjóður mun leitast við að svara fyrirspurninni hér að neðan.

Rétt er að taka fram í upphafi að þær forsendur sem í svari þessu eru lagðar til grundvallar útreikningi á stöðu lána og umferðarmagni eru að mati Ríkisábyrgðasjóðs frekar óraunhæfar og allar niðurstöður ber að skoða í því ljósi.

Staða láns til VHG hf. miðað við lok febrúar 2018 með áföllnum vöxtum var 11,6 ma.kr. Þessi staða lánsins miðast við samtölu ádrátta og þeirra vaxta sem áfallnir eru á lánið. Upphaflega miðaðist lánið við gjalddaga 5.1.2018, sem síðar var breytt vegna erfiðleika við gangagröft til 1.5.2021. Miðað við upphaflegan gjalddaga og ávöxtunarferil óverðtryggðrar útgáfu ríkisins á markaði (ríkisbréf), voru áhættulausir óverðtryggðir vextir um 5% á þeim tíma er lánið var afgreitt. Með álagi vegna lánshæfismats CCC upp á 13,1% yrðu vextir af láni til VHG hf. á þeim tíma því 18,1%.

Staða lánsins miðað við lok febrúar 2018 og 18,1% vexti væri 16,2 ma.kr. Alls væru ádrættir 10,1 ma.kr. og fjárhæð áfallinna vaxta 6,1 ma.kr.

Til að svara þeirri spurningu hver umferðarspáin þurfi að vera til að göngin gætu staðið undir þessum lánskjörum, þ.e. 18,1% vöxtum, er nauðsynlegt að gefa sér nokkrar forsendur. Gert er ráð fyrir að:

- VHG hf. mun nýta sér að fullu lánsheimild viðbótarláns, samtals 4,7 ma.kr. Dregið er á lánið með sem næst jöfnum ádráttum fram til ársloka 2018.
- Göngin eru opnuð í árslok 2018, tekjuöflun hefst í upphafi árs 2019.



LÁNAMÁL RÍKISINS

- Á gjalddaga framkvæmdalánsins þann 1.5.2021 er samið um áframhaldandi lánveitingu frá ríkissjóði (endurfjármögnunarlán) með sömu vaxtakjörum til 35 ára með cash-sweep fyrirkomulagi.
- Gert er ráð fyrir að verðbreytingar kostnaðar sé mætt með sambærilegri breytingu í tekjum.
- VHG hf. geta fengið vaxtagreiðslur vegna láns lánaðar til skamms tíma ótakmarkað dugi sjóðstreymi félagsins ekki til greiðslu vaxta af láninu.
- Umferðarspá miðast við háspá Vegagerðarinnar um umferð um Víkurskarð, en hún miðar við 3% aukningu umferðar á ári.
- Gert er ráð fyrir að öll umferð sem nú og skv. spá Vegagerðarinnar fer og mun fara um Víkurskarð fari öll um Vaðlaheiðargöng.
- Verð gegnum göngin er sett kr. 1.250 hver ferð án virðisaukaskatts.

Miðað við þessar forsendur yrði staða framkvæmdalánsins þann 1.5.2021 alls 33,8 ma.kr. Sundurliðun lánsfjárhæðar væri að samtals ádrættir væru 14,2 ma.kr. og samtals vextir lagðir við höfuðstól 19,6 ma.kr.

Miðað við að stofnkostnaðurinn væri 33,8 ma.kr. þyrfti árleg umferð að aukast umtalsvert umfram háspá Vegagerðarinnar eða árlega um 9% til að göngin stæðu undir fjármögnunarkostnaði og endurgreiðslu lánsins. Árleg aukning umferðar um 9% er mjög óraunhæf forsenda enda yrði meðaltalsumferð um göngin á dag miðað við heilt ár, svokölluð árdagsumferð, komin í 49.700 bíla á dag árið 2055 sem gæfi um 2.070 bíla á klukkustund.

Virðingarfyllt,
f.h. Ríkisábyrgðasjóðs

Björgvin Sighvatsson
Forstöðumaður

Hafsteinn Hafsteinsson
Sérfræðingur